



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn í Gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri miðvikudaginn 24. febrúar 2016 kl. 15:00.

Sigurlína Jóhannsdóttir formaður setti fundinn og tilnefndi Brynjar Skúlason fundarstjóra og Helgu Sigurrósu Bergsdóttur ritar.

Brynjar tók við fundarstjórn kynnti dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
3. Tillögur og umræður
4. Kosningar
5. Önnur mál.
6. Erindi

-
1. Skýrsla stjórnar.

Sigurlína formaður kynnti skýrslu stjórnar og fer hún hér á eftir.

Á síðasta aðalfundi félagsins sem haldin var að Vöglum í Fnjóskadal þann 1. júlí 2015 var Baldvin Haraldsson Stóru-Hámundarstöðum kosinn nýr inn í stjórn í stað Páls Ingvarssonar. Aðrir í stjórn og skipta þannig með sér verkum: Sigurlína Jóhanna Jóhannsdóttir Snartarstöðum 2 formaður, Helga Sigurrós Bergsdóttir Sauðárkróki, ritari, Davíð Herbertsson Hrísgarði 2 gjaldkeri, Sigrún Þorsteinsdóttir Flugumýrarhvammi, varaformaður og Baldvin Haraldsson Stóru-Hámundarstöðum meðstjórnandi.

Þrjár stjórnarfundir voru haldnir á árinu, auk þess vorum við í tölvu og símasambandi eftir þörfum.

Félagið tók virkan þátt í starfsemi Landssamtaka skógareigenda á árinu líkt og áður. Við sendum fulltrúa á aðalfund LSE, sem haldin var í Stykkishólmi í október á síðasta ári.

Formaður sat fyrir hönd félagsins, fund í Reykjavík í byrjun september, sem var haldin fyrir tilverkað starfshóps sem skipaður var af umhverfisráðherra um sameiningu verkefna á sviði skógræktar fyrir fólk úr ólíkum hagsmunahópum skógargeirans.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið boðaði til fundar í byrjun nóvember til kynningar um fyrirhugaða sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefanna.

Hin árlegi formannafundur hjá LSE var haldin 12 febrúar, þar sem farið var yfir stöðu samtakana og verkefnastöðu framtíðar.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Félagið okkar tók þátt í Skógardegnum á Vögllum strax eftir síðasta landsfund. Dagur var skipulagður af Skórækt ríkissins, Norðurlandsskógum, Skógræktarfélagi Þingeyinga, Skógræktarfélagi Eyfirðinga og FSN.

Þær Anna Guðmundsdóttir, Lára Ellingssen og Sigrún Grímsdóttir hafa setið í ritnefnd blaðsins „Við skógareigendur“ síðastliðin 2 ár og skiluðu af sér góðu búi síðastliðin áramót. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeim fyrir þeirra störf.

Við gáfum út fréttabréfið „Björkina“ til félagsmanna okkar.

Ég vil nota þetta tækifæri hér og þakka starfsfólki í þessu húsi bæði Skógræktar ríkissins og ekki síst starfsfólki Norðurlandsskóga fyrir alla aðstoðina og hjálpsemina á allan hátt. Valgerði vil ég þó þakka sérstaklega fyrir að sitja með okkur fundi og skrif í Björkina. Þessi aðstoð er okkur ómetanleg.

Einnig vil ég þakka fyrir lánið á þessum fundarsal undir aðalfundinn.

Sigurlína Jóhannsdóttir, formaður.

2. Reikningar félagsins.

Davíð Herbertsson gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og kynnti þá. Nokkrar fyrirspurnir um félagsgjöldin og hlut LSE í þeim. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða

3. Tillögur

Árgjöld

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi, haldinn á Akureyri, 24. febrúar 2016, samþykkir að árgjald verði óbreytt frá fyrra ári. 7.000 kr. á hverja skógarjörð, auk þess kr. 1.000 á hvern félagsmann. Aukafélagar greiði kr. 2.000.

Ályktun um sameiningu.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi, haldinn á Akureyri, 24. febrúar 2016, beinir því til skógræktarstjóra að í þeirri vinnu sem hann leiðir, og miðar að sameiningu Landshlutaverkefnanna í skógrækt og Skógræktar ríkisins, verði það tryggt að skógarbændur verði, með formlegum hætti, hafðir til samráðs um málefni er þá varðar. Fundurinn leggur til að stjórn félags skógarbænda í hverjum landshluta verði nýrri stofnun til ráðgjafar um málefni skógarbænda. Einnig hvetur fundurinn skógræktarstjóra til að beita sér fyrir því að framlög til nýskógræktar á lögbýlum verði aukin frá því sem nú er og að þjónusta við skógarbændur verði ekki skert.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

4. Kosningar.

Helga Sigurrós hefur lokið 3 ára kjörtímabili og ætti að ganga úr stjórn samkvæmt reglum félagins, nema hún gefi kost á sér áfram. Helga Sigurrós gefur kost á sér í eitt ár áfram. Samþykkt með lófaklappi.

Varamenn voru kjörnir leynilegri kosningu og lögðust atkvæði þannig að Leifur Guðmundsson Klauf fékk 17 atkvæði, Anna Árnína Stefánsdóttir Steinhólum 16 atkvæði og Soffía Björgvinsdóttir 15, aðrir minna.

Skoðunarmenn: Tillaga kom fram um Ketil Tryggvason Hallgilsstöðum og Kristján S Jóhannesson Hróarsstöðum. Samþykkt samhljóða.

5. Erindi

Hrönn Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri LSE tók til máls og skýrði frá starfsemi LSE og einnig hverju landshlutaverkefni eru að vinna að, gangi jólatrjáaverkefna, afurðastöðvamál og fl. Ýmsar hugmyndir eru uppi um hvernig framkvæmd og dreifing blaðisins Við skógareigendur verður í framtíðinni, en til stendur að dreifa næsta blaði á öll lögbýli. Vestfirðingar eru í næstu ritnefnd.

Pröstur skógræktarstjóri ræddi um afurðamálin, og hvernig horfir með timbursamninga sem gerðir voru við Elkem og virðast ekki ætla að ganga eftir að öllu leiti, og um hugsanlegan samning við PCC á Bakka á Húsavík.

Pröstur fór einnig yfir hugmyndir vegna sameiningu skógargeirans, sem hér eftir heitir SKÓGRÆKTIN. Hlutverk þessarar stofnunar verður m.a. að fylgja eftir lögum um skógrækt og lögum um landshlutaverkefni, sem verður stærsta verkefnið. Samningar við skógarbændur eiga ekki að breytast, þ.e. ekki þarf að gera nýja samninga við bændur og þjónustan á ekki að verða lakari.

Í stað stjórna landshlutaverkefnanna verða hugsanlega settir saman nefndir skógarbænda til að skapa samræðuvettvang um verkefni. Stýrihópurinn hefur boðað til fundar 7. mars

6. Önnur mál

Helga Sigurrós kvaddi sér hljóðs og afhenti Valgerði framkvæmdastjóra Norðulandsskóga smá þakklætisvott fyrir alla aðstoð við stjórn og vinnu við Björkina.

Sigurlína formaður upplýsir um Skógargöngu sem verður 30. júní í skóginum á Silfrastöðum í Skagafirði.

Um 20 félagsmenn sátu fundinn, ásamt starfsmönnum Norðurlandsskóga, Hrönn Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra LSE og Þresti Eysteinsyni skógræktarstjóra. Veitingar voru keyptar af Bautanum en kaffisopinn kom úr ranni Norðurlandsskóga.

Fundi slitið.

Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.